

## Sýnataka frá leggöngum

1. Ef þú ert á blæðingum þarf að fresta sýnatökunni.
2. Ath. Í sýnaglasinu er vökvi sem þarf að passa að fari ekki úr.
3. Opnaðu sýnaglassið og settu það í stálglasið sem er á snyrtingunni.
4. Taktu pinnann úr umbúðunum.

Ekkert má snerta þann hluta pinnans sem fer inn í leggöngin (fyrir neðan strikið), hvorki fyrir né eftir sýnatökuna. Það má ekki setja pinnann í glasið fyrir en eftir sýnatökuna.

5. Settu pinnann u.þ.b. 5 cm inn í leggöngin og snúðu honum og nuddaðu varlega við vegg leggagnanna í 30 sekúndur.
6. Settu pinnann í sýnaglassið og brjóttu endann af við brotlínuna.
7. Lokaðu glasinu vel ( $\frac{1}{2}$  pinninn með sýninu á að vera í glasinu).
8. Settu glasið í box í bláa skápnum á snyrtingunni.

